

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Páli Jónssyni um niðurgreiðslu húshitunar.

1. Í hversu mörgum sveitarfélögum er hitaveita?

Hitaveitur er að finna í flestöllum sveitarfélögum landsins. Þær eru þó misstórar og ná til misstórs hluta íbúa þess en það veltur á aðstæðum hverju sinni, t.d. land- og jarðfræðilegum, hagkvæmni og einstaklingsbundnum.

Í töflu 1 eru talin upp þau sveitarfélög sem hafa hitaveitu(r) innan sinna svæða. Sveitarfélögunum er skipt upp eftir landshlutum. Flest þau sveitarfélög sem eru talin upp hér að aftan hafa hitaveitur með einkaleyfi samkvæmt orkulögum og eftir atvikum aðrar hitaveitur. Þessi upptalning er alls ekki tæmandi og áætlað Orkustofnun að um 200 smærri einkahitaveitur (sem ekki hafa einkaleyfi samkvæmt orkulögum) séu í landinu en nákvæm staðsetning þeirra er ekki fyrir hendi en mestur fjöldi þó á Suðurlandi.

Tafla 1. Sveitarfélög með hitaveitur innan sinna svæða (listinn er ekki tæmandi).

Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Vesturland
Grindavíkurbær	Garðabær	Borgarbyggð
Reykjanesbær	Hafnarfjarðarkaupstaður	Dalabyggð
Suðurnesjabær	Kjósarhreppur	Hvalfjarðarsveit
Sveitarfélagið Vogar	Kópavogsbær	Skorradalshreppur
	Mosfellsbær	Stykkishólmsbær
	Reykjavíkurborg	
	Seltjarnarnesbær	
Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra
Kaldrananeshreppur	Húnabyggð	Akureyrarbær
Reykholahreppur	Húnaþing vestra	Dalvíkurbyggð
	Skagabyggð	Eyjafjarðarsveit
	Skagafjörður	Fjallabyggð
	Sveitarfélagið Skagaströnd	Grýtubakkahreppur
		Hörgársveit
		Norðurþing
		Svalbarðsstrandarhreppur
		Þingeyjarsveit
		Tjörneshreppur

Austurland	Suðurland
Fjarðabyggð	Ásahreppur
Múlaþing	Bláskógabyggð
	Grímsnes- og Grafningshreppur
	Hrunamannahreppur
	Hveragerðisbær
	Rangárþing eystra
	Rangárþing ytra
	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
	Sveitarfélagið Árborg
	Sveitarfélagið Hornafjörður
	Sveitarfélagið Ölfus

2. *Hversu margar íbúðir í þeim hafa ekki aðgang að hitaveitu og fá eigendur þeirra niðurgreiðslu af húshitunarkostnaði? Óskað er eftir upplýsingum um það um hversu mörg heimili er að ræða, tilgreint eftir sveitarfélögum.*

Í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er mælt fyrir um niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma. Íbúð samkvæmt lögnum er húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur sjálfstætt skráningarauðkenni í fasteignaskrá. Dvalarheimili aldraðra telst íbúðarhúsnæði samkvæmt lögnum. Þurfi umsækjandi að halda fleiri en eitt heimili vegna starfa, eigin náms eða náms fjölskyldu er heimilt að greiða niður húshitunarkostnað óháð því hvar lögheimili er skráð. Umsækjandi þarf að staðfesta þörf sína til þess að halda fleiri en eitt heimili með opinberu vottorði eða öðrum gögnum sem Orkustofnun metur nægileg.

Niðurgreitt er vegna allra íbúða þar sem ekki er aðgangur að hitaveitu, þ.e. í þeim tilvikum sem sótt er um niðurgreiðslur á húshitun í samræmi við lögin.

Tafla 2 sýnir áætlaðan fjölda íbúða sem hafa niðurgreiðslur á húshitun, eftir sveitarfélögum. Ætla má að þetta sé stærstur hluti þeirra sem hafa ekki aðgang að hitaveitu í viðkomandi sveitarfélögum. Orkustofnun hefur hins vegar ekki upplýsingar um heildarfjölda íbúða eftir sveitarfélögum og á því erfitt með að gefa út nákvæmar upplýsingar um þann fjölda sem hefur ekki aðgang að hitaveitu.

Ekki er farið í sérstaka upptalningu á íbúðum sem hafa niðurgreidda olíuhitun en slík húshitun er að mestu staðbundin í Grímsey, Flatey og á Grímsstöðum á Fjöllum.

Tafla 2 – Áætlaður fjöldi íbúða með niðurgreidda rafhitun og fjarvarma m.v. dags. 11.7.2022.

	Sv.f.nr.	Sveitarfélag	Rafhitun	Fjarvarmi	Alls
Höfuðborgar- svæðið	0	Reykjavíkurborg	30	0	30
	1000	Kópavogsbær	5	0	5
	1100	Seltjarnarnesbær	0	0	0
	1300	Garðabær	0	0	0
	1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	0	0	0
	1604	Mosfellsbær	10	0	10
	1606	Kjósarhreppur	8	0	8

	Sv.f.nr.	Sveitarfélag	Rafhitun	Fjarvarmi	Alls
Suðurnes	2000	Reykjanesbær	2	0	2
	2300	Grindavíkurbær	0	0	0
	2506	Sveitarfélagið Vogar	17	0	17
	2510	Suðurnesjabær	10	0	10
Vesturland	3000	Akraneskaupstaður	0	0	0
	3506	Skorradalshreppur	8	0	8
	3511	Hvalfjarðarsveit	56	0	56
	3609	Borgarbyggð	207	0	207
	3709	Grundarfjarðarbær	1.323	0	1.323
	3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	21	0	21
	3714	Snæfellsbær	626	0	626
	3716	Stykkishólmur/Helgafellssveit	28	0	28
	3811	Dalabyggð	139	0	139
Vestfirðir	4100	Bolungarvíkurkaupstaður	197	176	373
	4200	Ísafjarðarbær	428	1.116	1.544
	4502	Reykhólahreppur	48	0	48
	4604	Tálknafjarðarhreppur	100	0	100
	4607	Vesturbyggð	203	232	435
	4803	Súðavíkurhreppur	73	0	73
	4901	Árneshreppur	19	0	19
	4902	Kaldrananeshreppur	12	0	12
	4911	Strandabyggð	192	0	192
Norðurland vestra	5508	Húnaþing vestra	121	0	121
	5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	6	0	6
	5611	Skagabyggð	28	0	28
	5613	Húnaþing	136	0	136
	5716	Skagafjörður	112	0	112
Norðurland eystra	6000	Akureyrarbær	3	0	3
	6100	Norðurþing	1.173	0	1.173
	6250	Fjallabyggð	5	0	5
	6400	Dalvíkurbyggð	27	0	27
	6513	Eyjaþing	64	0	64
	6515	Hörgársveit	59	0	59
	6601	Svalbarðsstrandarhreppur	2	0	2
	6602	Grýtubakkahreppur	8	0	8
	6611	Tjörneshreppur	21	0	21

	Sv.f.nr.	Sveitarfélag	Rafhitun	Fjarvarmi	Alls
	6613	Þingeyjarsveit	128	0	128
	6710	Langanesbyggð/Svalbarðshreppur	2.230	0	2.230
Austurland	7300	Fjarðabyggð	1.586	0	1.586
	7400	Múlaþing	1.530	219	1.749
	7502	Vopnafjarðarhreppur	271	0	271
	7505	Fljótsdalshreppur	28	0	28
Suðurland	8000	Vestmannaeyjabær	136	1.536	1.672
	8200	Sveitarfélagið Árborg	43	0	43
	8401	Sveitarfélagið Hornafjörður	352	0	352
	8508	Mýrdalshreppur	205	0	205
	8509	Skaftárhreppur	1.166	0	1.166
	8610	Ásahreppur	3	0	3
	8613	Rangárþing eystra	282	0	282
	8614	Rangárþing ytra	197	0	197
	8710	Hrunamannahreppur	15	0	15
	8716	Hveragerðisbær	2	0	2
	8717	Sveitarfélagið Ölfus	19	0	19
	8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	24	0	24
	8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1	0	1
	8721	Bláskógabyggð	34	0	34
	8722	Flóahreppur	149	0	149
	Alls		13.928	3.279	17.207

3. *Hversu mörg og hvaða sveitarfélög fá niðurgreiðslur til húshitunar og hversu mörg sveitarfélög og hvaða fá ekki niðurgreiðslur?*

Íbúar í nær öllum sveitarfélögum landsins fá niðurgreiðslur til húshitunar. Lög nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, útiloka ekki nein einstök sveitarfélög frá því að íbúar þess geti fengið niðurgreiðslur á sinni húshitun. Skilyrði þess að fá niðurgreiðslur er að viðkomandi íbúðarhúsnæði hafi ekki aðgang að hitaveitu og að í því sé skráð föst búseta. Í heildina er að finna niðurgreiðslur í 59 sveitarfélögum af 64 (sjá töflu 2 í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar). Í eftirfarandi sveitarfélögum er ekki að finna íbúðarhúsnæði sem hlýtur niðurgreiðslur:

- Akraneskaupstaður.
- Akureyrarbær (fyrir utan Grímsey og eitt hús í Hrísey).
- Garðabær.
- Grindavíkurbær.
- Hafnarfjarðarkaupstaður.
- Seltjarnarnesbær.